



Arnarlax ehf.  
Samfélagsslóð 2024

# Inngangur

Arnarlax ehf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur  
b.t. Jónas Heiðars Birgissonar

Kópavogur, 28. mars 2025

Meðfylgjandi er samantekt okkar yfir samfélagsslóð samstæðu Arnarlax ehf. („Arnarlax“) fyrir árið 2024. Samantektin inniheldur alla helstu skatta og opinber gjöld sem samstæðan greiðir eða innheimtir á Íslandi, mótframlag í almenna lífeyrissjóði starfsmanna, laun og greiðslur til innlendra birgja.

Að auki innifelur samantektin aðrar upplýsingar og mælikvarða, á borð við útflutningsverðmæti og samfélagsleg verkefni sem leiða til verðmætasköpunar á Íslandi. Samfélagsslóðin byggir á upplýsingum úr framtölum félagsins og öðrum gögnum sem félagið hefur veitt Deloitte.

Samantektin er ekki tæmandi um samfélagslega verðmætasköpun Arnarlax enda annmörkum háð að ná utan um heildarframlag fyrirtækja til verðmætasköpunar, þar sem vandasamt er að mæla margvíslega afleidda þætti í rekstri þeirra.

Deloitte áskilur sér rétt til að breyta samantektinni eða einstökum þáttum hennar leiði það af þeim gögnum sem Deloitte hefur nýtt í sinni vinnu. Samantektin felur ekki í sér endurskoðun eða aðra staðfestingarvinnu.

Kær kveðja,  
Haraldur I. Birgisson, meðeigandi Deloitte Legal

---

## Haraldur I. Birgisson

Meðeigandi, Deloitte Legal

Farsími: 822 7570

Netfang: [hib@deloitte.is](mailto:hib@deloitte.is)

---

## Nótt Aradóttir

Sérfræðingur, Deloitte Legal

Farsími: 823 2353

Netfang: [naradottir@deloitte.is](mailto:naradottir@deloitte.is)






---


# Samantekt

- **Samfélagsslóð Arnarlax árið 2024 nam samtals tæpum 11 ma.kr.** en yfir undanfarin 5 ár nam samfélagsslóð félagsins samtals um 37 mö.kr., þar af fer stór hluti beint til nærsamfélags starfsvæða Arnarlax á Vestfjörðum og Suðurlandi.
- Samfélagsslóð Arnarlax 2024 samanstóð af innheimtum sköttum og gjöldum um 719 m.kr., greiddum sköttum og gjöldum um 2.062 m.kr. og verðmætasköpun til samfélagsins um 8.164, en **samfélagsslóðin var um 70 m.kr. á hvern starfsmann á árinu.**

## Um Arnarlax:


- **Arnarlax tók til starfa árið 2010 á Bíldudal við Arnarfjörð í viðleitni sinni til að skapa atvinnutækifæri en Bíldudalur var skilgreindur sem brothætt byggð**, meginstarfsemi félagsins er á Vestfjörðum þar sem aðalskrifstofur og allt sjóeldi félagsins er staðsett auk þess að til staðar er seiðældisstöð og vinnsluhúsnæði. Þar að auki er félagið með þrjár seiðældisstöðvar á Suðurlandi auk skrifstofu í Reykjavík.
- **Félagið hefur vaxið mikið á undanförunum 16 árum og er í dag eitt stærsta fiskeldisfyrirtæki á Íslandi.** Félagið hefur á þessum tíma hlotið ýmsar vottanir og viðurkenningar og nú nýlegast Sterkast á Íslandi í hópi framúrskarandi fyrirtækja CreditInfo.
- **Arnarlax hófst með hugmynd heimamanna og brottfluttum Bílddælingum, en hefur nú innan sinna vébanda yfir 170 starfsmenn sem flestir starfa á Vestfjörðum**, en um 83% af sköttum og gjöldum á árinu 2024 til sveitarfélaga voru greidd til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

-  **Tekjuskapandi:** Framlag Arnarlax til útflutnings nam 1,5% af heildarútflutningi vara frá Íslandi árið 2024.
-  **Íslenskar tekjur:** Verðmætasköpun Arnarlax til samfélagsins nam um 33,6 ma.kr. á árunum 2020-2024.
-  **Íslensk framleiðsla:** Alls voru 158 stöðugildi hjá Arnarlaxi árið 2024, þar af 124 á Vestfjörðum, 19 á Suðurlandi og 15 á höfuðborgarsvæðinu.
-  **Skattaslóð per starfsmann:** Hefur að meðaltali verið um 10 milljónir per stöðugildi á árunum 2020-2024.
-  **Samfélagsverkefni Arnarlax:** Arnarlax veitti styrki til fjölmargra góðra málefna fyrir um 30 m.kr. árið 2024.



# Tímalína

- Hluthafar í Arnarlax hafa frá fyrstu tíð sýnt mikið traust til félagsins en uppbygging fiskeldis er tímafrek og var **fyrsta fiski slátrað um 6 árum eftir að félagið var stofnað**.
- **Mikil uppbygging hefur átt sér stað hjá Arnarlax** en félagið á þrjár seiðaeldisstöðvar á Suðurlandi sem fjárfest var í á undanförunum árum.
- Áhersla hefur verið á **sjálfbært fiskeldi** og var endurfjármögnun með lánaþyrngreiðslu tengdri sjálfbærni lokið árið 2023.



# Skattaslóð Arnarlax 2024

- Skattaslóð Arnarlax skiptist í greidda og innheimta skatta og nam skattaslóðin  **samtals tæpum 2,8 mö. kr. árið 2024 eða um 18 mkr. fyrir hvert stöðugildi.**
- Einn stærsti liður skattaslóðar Arnarlax er  **auðlindagjaldið en það nam um 21% greiddra skatta árið 2024.**
- Þá námu  **aflagjöld og gjöld í umhverfissjóð samtals um 10% af greiddum sköttum árið 2024.**

## Skattaslóð Arnarlax 2024 (m.kr.)

### Greiddir skattar og gjöld


Tekjuskattur	366
Auðlindagjald	442
Mótframlag í lífeyrissjóði	269
Tryggingagjald	153
Aflagjöld	110
Gjöld í Umhverfissjóð	88
Aðrir skattar og gjöld	
Kolefnisgjald	522
Fasteignagjöld	43
Bein vörugjöld og tollar	26
Gjöld til hafnarsjóða	14
Olúgjöld	3
Annað	26

**Alls skattar og gjöld 2.062**

### Innheimtir skattar og gjöld

Staðgreiðsla starfsmanna	593
Lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna	126
<b>Alls innheimtir skattar</b>	<b>719</b>


**Skattaslóð alls 2.781**



# Skattaslóð Arnarlax 2020-2024

- Á undanförunum 5 árum nam **skattaslóð félagsins (greiddir og innheimtir skattar) rétt rúmlega 8 ma.kr.** en um þriðjungur þess stafar af greiðslum til sveitarfélaga.
- Skattaslóð Arnarlax fer stighækkandi með árunum og er tæplega **fjórfalt hærri árið 2024** en árið 2020.
- Til að setja skattaslóð Arnarlax í samhengi þá námu **tekjur Vesturbyggðar og Tálknafjarðar árið 2023 um 2,4 ma. kr.\***

Skattaslóð Arnarlax 2020-2024 (m.kr.)




8.046




# Skattar og gjöld til sveitarfélaga 2024

- Af sköttum og gjöldum vegna **ársins 2024 fóru samtals 417 m.kr. til sveitarfélaga**, þar af 250 m.kr. vegna útsvars og 110 m.kr. vegna aflagjalda.
- Mikil áhersla er innan Arnarlax að halda sem mestum hluta starfsemi félagsins í heimabyggð en **um 83% af sköttum og gjöldum til sveitarfélaga fóru til sveitarfélaga á Vestfjörðum eða 346 m.kr.**
- Allur skattur sem greiddur var til sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu var útsvar en Arnarlax heldur úti skrifstofu þar. **Aðeins 7% af greiddu útsvari var vegna starfsmanna á höfuðborgarsvæðinu.**
- Lögð er áhersla á að framkvæmdastjórn Arnarlax hafi lögheimili á Vestfjörðum og **árið 2024 voru 6 af 8 framkvæmdastjórum með lögheimili á Vestfjörðum.**

Skattar og gjöld til sveitarfélaga 2024 (m.kr.)




Skattar og gjöld til sveitarfélaga 2024



# Skattar og gjöld til sveitarfélaga 2020-2024

- Skattar og gjöld greidd til sveitarfélaga eru meðal annars **aflagjöld, fasteignagjöld og útsvar**, og falla því til þar sem starfsemi er viðhöfð, launamenn hafa lögheimili og fasteignir eru staðsettar.
- Starfsvæði **Arnarlax er á Vestfjörðum og á Suðurlandi** og berast því greiðslur til sveitarfélaga að mestum hluta til sveitarfélaga á þeim landsvæðum.
- Skattar og gjöld til sveitarfélaga **námu um 1,9 ma. kr. árin 2020-2024** en lækkuðu milli ára 2023-2024, vegna samdráttar í slátruðu magni milli ára.

Skattar og gjöld til sveitarfélaga 2020-2024 (m.kr.)






# Skattar og gjöld til ríkisins 2020-2024

- Auðlindagjaldið hefur **rúmlega 20 faldast á aðeins 5 árum** en árið 2020 nam það 1,87 kr. pr. kg. en nam 37,80 kr. pr. kg. árið 2024 vegna slátraðs lax.
- Gjöld til **umhverfissjóðs námu 88 m.kr. árið 2024** en þau hafa haldist sambærileg á tímabilinu eða á bilinu 80 – 88 m.kr.
- Önnur gjöld til ríkisins eru sem dæmi **gjöld til Matvælastofnunar en þau námu um 15 m.kr.** árið 2024.

Skattar og gjöld til ríkisins 2020-2024 (m.kr.)




Skattar og gjöld til ríkisins 2020-2024

- Arnarlax greiðir ýmis konar skatta og gjöld er renna til ríkisins en þau námu samtals 4,3 mö.kr. árin 2020-2024.
- Greidd eru gjöld til umhverfissjóðs sjókvíaeldis en markmið hans er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Gjöldin eru í samræmi við framleitt magn.
- **Auðlindagjald** er lagt á eldisfisk sem slátrað er og greitt til Fiskeldissjóðs. **Fiskeldissjóður veitir sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað.** Árið 2024 var úthlutað 437 m.kr. til 16 verkefna, þar af 246 m.kr. til verkefna á Vestfjörðum. Sem dæmi má nefna styrk til endurnýjunar skólalóðar Patreksskóla í Vesturbyggð.
- Tekjuskattur reiknast af hagnaði ársins, félagið hefur lagt mikla vinnu í uppbyggingu en rekstur laxeldis krefst mikilla fjárfestinga í upphafi og á uppbyggingartíma.
- Tryggingagjald er greitt til ríkisins og er grundvöllur almannatryggingakerfisins en það skiptist í atvinnutryggingagjald, gjald í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjald.
- Auk upptalinna gjalda og skatta greiðir Arnarlax ýmis önnur gjöld og skatta svo sem aðflutningsgjöld, olíu og kolefnisgjald auk þess sem ríkið fær hluta af innheimtum tekjuskatti einstaklinga. Kolefnisgjaldið er ekki innifalið í yfirlitinu vegna 2024 þar sem upplýsingar um það eru ekki til staðar vegna fyrri ára.

# Skattar og gjöld tengd launagreiðslum

- Stærstur hluti skatta og gjalda tengd launagreiðslum er innheimt staðgreiðsla skatta, þar af fer hluti í tekjuskatt sem greiddur er til ríkisins og hluti í **útsvar til sveitarfélaga**.
- Árunum 2020-2024 nam **innheimt staðgreiðsla skatta um 2,5 mö. kr.** Um er að ræða 87% aukningu frá árinu 2020 til 2024.
- Fjöldi starfsmanna Arnarlax hefur hækkað jafnt og þétt á síðustu 5 árum og voru **158 stöðugildi hjá félaginu árið 2024 samanborið við 132 árið 2020**, en til samanburðar var íbúafjöldi Vesturbyggðar og Tálknafjarðar 1.356 árið 2024 og fjöldi starfandi 970.


Skattar og gjöld tengd launagreiðslum 2020-2024 (m.kr.)




# Verðmætasköpun til samfélagsins - Innlend verðmætasköpun

- Arnarlax skapar verðmæti til samfélagsins með ýmsum hætti, svo sem með launum og tengdum gjöldum og greiðslum fyrir aðkeypta þjónusta og vörur frá íslenskum aðilum sem **berast til samfélagsins og einstaklinga** til viðbótar við greidda skatta og gjöld.
- Á árunum 2020-2024 námu greiðslur til íslenskra aðila um 33,6 ma.kr. og af því voru **þjónustukaup frá íslenskum verktökum 18,8 ma.kr.** Á árinu 2024 voru þjónustukaup að fjárhæð 5,3 ma.kr., þar af **1,1 ma.kr. af verktökum sem skráðir voru á starfssvæði Arnarlax á Vestfjörðum og Suðurlandi.**

Verðmætasköpun til samfélagsins 2024 (m.kr.)




Verðmætasköpun til samfélagsins 2020-2024 (m.kr.)



# Útflutningsverðmæti 2020-2024

- Hlutdeild eldislax í útflutningi frá Íslandi fer ört vaxandi og nam um **4,7% af heildarútflutningi vara frá Íslandi árið 2024**.
- Verðmæti útflutts eldislax hefur rúmlega **tvöfaldast frá árinu 2020 til 2024**.
- Hlutdeild Arnarlax í útflutningsverðmæti allra vara frá Íslandi var milli **1,4% - 2,4% á árunum 2020-2024** sem á uppruna sinn á Bíldudal sem er um 300 manna bæjarfélag.
- Hlutfall eldisafurða af útfluttum sjávarafurðum hefur einnig **farið stigvaxandi frá 10,4% árið 2020 til 15,5% árið 2024**.

Útflutningsverðmæti eldislax 2020-2024



# Samfélagsverkefni Arnarlax

- Arnarlax leggur **mikla áherslu á að styrkja samfélagið** og hefur veitt ýmsa styrki til íþróttta, æskulýðs og menningarmála í gegnum árin.
- Árið 2024 voru **veittir styrkir fyrir um 30 m.kr. sem er um 33% aukning** frá árinu 2023.
- Flestir styrkir voru veittir á á starfssvæði Arnarlax en auk styrkja er **Arnarlax aðili að samstarfi um almenningsamgöngur milli byggðarlaga á sunnanverðum Vestfjörðum.**

## Helstu styrkir Arnarlax til samfélagsmála

- Á árinu 2024 gerði Arnarlax þriggja ára styrktarsamning við Héraðssambandið Hrafna-Flóka.
- Arnarlax kom að stofnun Rafíþróttafélags Bíldudals með kaupum á tölum og öðrum búnaði til að auðvelda stofnun félagsins.
- Arnarlax gaf slökkviliðinu í sameinaðri Vesturbyggð nýjar talstöðvar.
- Arnarlax er bakhjarl Íslenska landsliðsins í handbolta en félagið gerði samkomulag við HSÍ árið 2023.
- Arnarlax styrkir björgunarsveitir á starfssvæði sínu árlega.
- Arnarlax hefur verið stuðningsaðili körfuknattleiksdeildar Vestra til fjölda ára.
- Arnarlax hefur verið stuðningsaðili knattspyrnufélagsins Ægis í Þorlákshöfn til fjölda ára.
- Arnarlax hefur verið styrktaraðili meistaraflokks karla í Þór Þorlákshöfn til fjölda ára.



# Vottanir og viðurkenningar

- Arnarlax hefur á undanförnum árið **hlotið ýmsar gæða- og sjálfbærnivottanir**.
- Félagið hlaut **AA+ einkunn frá BRC árið 2024 vegna matvælaöryggis** auk þess að hljóta sjálfbærni vottun frá ASC. Þá hefur félagið verið jafnlaunavottað frá árinu 2021.
- Félagið hefur auk þess hlotið ýmsar viðurkenningar vegna viðskiptaframmistöðu, auk þess að fá viðurkenningu sem **Sterkast á Íslandi** í hópi framúrskarandi fyrirtækja CreditInfo.

## ASC Vottun

Öll framleiðsla og eldissvæði Arnarlax voru ASC vottuð árið 2024. Þetta er mikilvægt skref fyrir Arnarlax og sjálfbærni. ASC vottunarstaðallinn hefur verið þróaður meðal annars af World Wildlife Fund (WWF) en til að fá vottun þurfa fyrirtækin meðal annars að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélag og starfsmenn fyrirtækisins. Fyrirtæki sem standast ASC vottun skuldbinda sig til að lágmarka áhrif á umhverfi á ýmsa vegu. Taka þarf tillit til villtra laxfiskastofna, fugla, sjávarspendýra, botndýra og annarra lífvera sem búa í námunda við eldissvæðin svo eitthvað sé nefnt.



## BRCGS vottun AA+

Arnarlax leggur áherslu á matvælaöryggi. Vinnsla Arnarlax er BRCGS vottuð sem tryggir viðskiptavinum framúrskarandi lax án þess að hafa áhyggjur af matvælaöryggi. Arnarlax fékk BRCGS vottun árið 2021 og árið var 2024 var Arnarlax með einkunnina AA+ eftir fyrstu ótilkynntu BRCGS úttektina. Fyrirtæki sem fá ótilkynntu BRCGS úttekt eru þar með að mæta áskorun á hæsta stigi. Úttekt getur verið framkvæmd hvenær sem er eða eftir ákveðinn dag og því þurfa allir að vera viðbúnir án fyrirvara. Arnarlax BRCGS AA+ einkunnin er mikið hrós til allra starfsmanna sem leggja áherslu á að ná framúrskarandi árangri á hverjum einasta degi.



## Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

Árið 2024 hlaut Arnarlax viðurkenningu sem "Fyrirmyndar fyrirtæki í rekstri" frá Viðskiptablaðinu og Keldum en félagið fékk viðurkenninguna fyrst árið 2023.

Með þessari viðurkenningu skipar Arnarlax sig sem fyrirmyndarfyrirtæki á Íslandi. Að fá viðurkenningu sem útvalið fyrirtæki á listanum er viðurkenning á framúrskarandi viðskiptaframmistöðu.

Árið 2024 hlutu aðeins 2,9% fyrirtækja á Íslandi þessa viðurkenningu. Til þess að komast á listann þurfa fyrirtækin, sem eru flokkuð í stór, meðalstór og lítil fyrirtæki að uppfylla ströng skilyrði um afkomu, eiginfjárlutfall, tekjur og eignir.

Til að teljast til fyrirmyndar er tekið tillit til rekstraráranna 2021, 2022 og 2023 þar sem skilyrðin verða að vera uppfyllt öll árin.



## Framúrskarandi fyrirtæki

Árið 2024 hlaut Arnarlax viðurkenningu sem framúrskarandi fyrirtæki á grundvelli fjárhagslegs styrks og stöðugleika og hlaut viðurkenningu CreditInfo á Íslandi sem „Sterkast á Íslandi“

Aðeins 2% fyrirtækja á Íslandi uppfylltu þessi skilyrði árið 2024.

Til að eiga rétt á þessari viðurkenningu verða fyrirtæki að uppfylla ströng skilyrði, þar á meðal að vera í hæsta lánshæfisflokki CreditInfo.

Ársreikningi skal skilað innan tilskilins tímaramma og fyrirtæki þurfa að uppfylla fjárhagslegar lágmarkskröfur, þar á meðal trausta eiginfjárbyggingu, heilbrigðar tekjur og jákvæða ársniðurstöðu.



## Jafnlaunavottun

Arnarlax hélt jafnlaunavottun sinni árið 2024 en félagið fékk upphaflega jafnlaunavottorð árið 2021. Núverandi vottorð gildir til janúar 2028.

Meginmarkmið þess að fá jafnlaunavottun er að taka á launamun kynja og viðhalda jafnrétti kynja innan vinnuafslins. Með því að innleiða jafnlaunavottunarferlið geta fyrirtæki og stofnanir komið á fót stjórnkerfi sem tryggir að verklag og ákvarðanir séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum, án hvers kyns kynbundinnar mismununar.

Jafnlaunastaðallinn ÍST 85:2012 er fánlegur hjá Staðlaráði Íslands er notaður sem viðmið fyrir fyrirtæki sem sækjast eftir þessari vottun.





Deloitte ehf. og Deloitte Legal ehf. eru hlutdeildarfélag Deloitte NSE LLP sem er aðildarfélag Deloitte Touche Tohmatsu Limited („DTTL“). DTTL (einnig vísað til sem „Deloitte á alþjóðavísu“) og hvert aðildarfélag þess eru lagalega aðskildir og sjálfstæðir lögaðilar, sem geta hvorki skyldað eða skuldbundið hvort annað gagnvart þriðja aðila. DTTL og hvert DTTL aðildarfélag og tengd félag eru aðeins ábyrg fyrir eigin athöfnum og aðgerðaleyfi, en ekki hvors annars. DTTL innir ekki af hendi þjónustu til viðskiptavina. Fyrir frekari upplýsingar; [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about).

Deloitte er leiðandi þjónustuveitandi á sviði endurskoðunar og reikningsskila, upplýsingatækniráðgjafar, fjármálaráðgjafar, áhætturáðgjafar, skatta- og lögfræðiráðgjafar og tengdrar þjónustu. Alþjóðlegt net aðildarfélaga okkar og tengdra félaga spannar meira en 150 lönd og landsvæði (sameiginlega vísað til sem „félög Deloitte“). Hjá Deloitte starfa um 457.000 sérfræðingar sem stefna saman að því að veita ávallt framúrskarandi þjónustu.

Skjal þetta og innihald þess eru trúnaðarmál og er óheimilt að koma því áfram eða dreifa, að hluta eða í heild sinni, til annars aðila án skriflegs leyfis frá Deloitte ehf. Skjalið byggir á þeim forsendum sem verkkaupi hefur lagt fyrir Deloitte ehf. og getur þriðji aðili ekki byggt ákvarðanir sínar á upplýsingum þeim er fram koma í skjalinu. Breytingar á forsendum sem lagðar hafa verið til grundvallar geta leitt til breytinga á skjalinu sem lagt er hér fram.

© 2025. Nánari upplýsingar má nálgast hjá Deloitte Legal ehf.